

### Kyndistöð

Í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fellur rekstur kyndistöðvar fyrirtækisins undir þá starfsemi sem ber að halda grænt bókhald. Kyndistöðin er ætluð sem varastöð fyrir hitaveitu og hefur eina notkun hennar undanfarin ár verið vegna prófana sem standa aðeins yfir í fáar klukkustundir í senn. Kyndistöðin er prófuð annað hvert ár og var síðast prófuð á árinu 2007. Tafla 14 sýnir útstreymisbókhald kyndistöðvarinnar.

### Aðrar lofttegundir

Brennisteinsvetni ( $H_2S$ ) fellur til í nokkru magni í tengslum við orkuöflun á Nesjavöllum og á Hellisheiði. Árið 2008 var útstreymi brennisteinsvetnis frá Nesjavöllum 12.114 tonn. Útstreymi frá Hellisheiði var 10.323 tonn, sem var að mestum hluta vegna reksturs virkjunarinnar að undanskildum tæpum 16% sem voru í tengslum við rannsóknir. Í töflu 15 má sjá útstreymi brennisteinsvetnis frá Nesjavöllum og Hellisheiði á árunum 2003 til 2008. Allur útblástur frá Hellisheiði fram til ársins 2006 er vegna tilraunaborana.

Á vegum Orkuveitunnar er nú í gangi verkefni sem miðar að því að draga úr útblæstri brennisteinsvetnis frá virkjunum á Hengilssvæðinu. Verkefnið snýst um að skilja  $H_2S$  úr gasi frá virkjununum, blanda því við skiljuvatn og dæla því niður í bergið. Framkvæmdir við tilraunastöð eru í gangi og gert er ráð fyrir að stöðin fari í rekstur um mitt ár 2009. Áætlað er að fyrstu niðurstöður úr tilrauninni liggi fyrir um mitt ár 2010.

### Neysluvatnsnotkun

Á níunda áratugnum var hafin markviss lekaeit á kaldavatsn-lögnum Orkuveitu Reykjavíkur til að auka nýtingu vatnsins. Leitin hefur skilað mjög góðum árangri og gott viðhald og viðgerðir á lögnum minnka notkun á köldu vatni umtalsvert. Lekinn var lágmarkaður í kringum 1998 og síðan þá hefur aukning í neysluvatnsnotkun í Reykjavík verið að mestu vegna fólksfjölgunar á þjónustusvæði Orkuveitunnar. Þrátt fyrir fólksfjölgun um tæp 30% á tímabilinu, hefur neysluvatnsnotkunin ekki enn náð þeirri notkun sem var fyrir markvissa lekaeit, sjá mynd 10.

Tafla 14. Losun lofttegunda frá kyndistöð

	Magn	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Koldíoxíð ( $CO_2$ )	Kg	0	44	0	55	0	30	0
Metan ( $CH_4$ )	Kg	0	3	0	4	0	2	0
Brennisteinstvíoxíð ( $SO_2$ )	Kg	0	52	0	64	0	35	0
Kolmónoxíð (CO)	Kg	0	575	0	705	0	390	0
NMVOC <sup>1)</sup>	Kg	0	110	0	141	0	74	0
Köfnunarefnisoxíð ( $NO_x$ )	Kg	0	452	0	564	0	307	0

<sup>1)</sup> Rokgjarnar lífrænar efnablöndur án metans.

Tafla 15. Útstreymi brennisteinsvetnis

	Uppruni		2003	2004	2005	2006	2007	2008
Brennisteinsvetni ( $H_2S$ )	Nesjavöllir	tonn	5.941	5.048	8.918	8.650	10.275	12.114
	Hellisheiði	tonn	1.283	748	443	- <sup>1)</sup>	6.902	10.323

<sup>1)</sup> Ekki reyndist unnt að fá tölur frá Hellisheiði árið 2006

## Yfirlýsing stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur

---

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur staðfestir hér með að tölur og upplýsingar sem tilgreindar eru í grænu bókhaldi Orkuveitunnar eru unnar úr bókhaldi fyrirtækisins og settar fram með bestu vitund starfsmanna Orkuveitunnar.

Starfsemin árið 2008 var með eðlilegum hætti og urðu engin teljandi óhöpp sem snerta umhverfismál.

Reykjavík, 15. maí 2009


Í stjórn



Guðlaugur Gylfi Sverrisson  
Stjórnarformaður



Kjartan Magnússon,  
Varaformaður



Júlíus Vífill Ingvarsson



Sigrún Elsa Smáradóttir



Björn Bjarki Þorsteinsson



Gunnar Sigurðsson

## Áritun endurskoðenda

---

Ég hef endurskoðað útreikninga og yfirlit upplýsingar sem fram koma í umhverfisskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2008. Þetta er gert í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Orkuveitan er í flokki þeirra fyrirtækja sem falla undir viðauka þeirrar reglugerðar. Umhverfisskýrslan er lögð fram af stjórnendum Orkuveitunnar og á ábyrgð þeirra. Ábyrgð mín felst í því álitum sem ég læt í ljós á framsettum gögnum í umhverfisskýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin er í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur, en samkvæmt þeim ber að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að umhverfisskýrslan sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna upplýsingar sem fram eru settar í umhverfisskýrslunni. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á

útreikningum sem beitt er við mat á stærðargráðu einstakra þátta sem upp eru taldir í umhverfisskýrslunni. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Það er álit mitt að umhverfisskýrslan gefi glögga mynd af umhverfisáhrifum rekstrarins fyrir árið 2008, í samræmi við góðar og viðteknar venjur í atvinnugreininni.

Reykjavík, 15. maí 2009



Guðjón Jónsson  
efnaverkfræðingur